



Waldorfskóli í Lækjarbotnum

Ósk skólans um deiliskipulag fyrir Lækjarbotna

Dags. 30.09.2022

Málsnúmer í ONE: 22068209

Innihald

Waldorfskóli í Lækjarbotnum, Ósk skólans um deiliskipulag fyrir Lækjarbotna	1
1. Aðalskipulag Kópavogs.....	1
2. Samningar	2
3. Landupplýsingakerfi Kópavogs, LUKK og fasteignaskrá /þjóðskrá.....	3
4. Minnisatriði til úrvinnslu og nánari skoðunar.....	5
5. Niðurlag.....	7
Viðauki A. Landnotkun í upplandi og Lækjarbotnum.	8
Viðauki B. Óbyggð svæði í aðalskipulagi, markmið og leiðir.....	9
Viðauki C. Skógrækt í aðalskipulagi m.a. markmið og leiðir.....	10
Viðauki D. Um Lækjarbotna, frístundabyggð, verndarsvæði o.fl.	11
Viðauki E. Vatnsvernd í aðal- og svæðisskipulagi.	12
Viðauki F. Myndir úr landupplýsingakerfi Kópavogs – Lækjarbotnar o.fl.	14
Viðauki G. Úr fasteignaskrá/þjóðskrá og landupplýsingakerfi Kópavogs – skráning, gróft yfirlit.....	15
Viðauki H. Erindi Waldorfskóla dags. 29. júní 2022.	16

Minnisblað – staða, rýni

Erindi Waldorfskóla tekið fyrir í skipulagsráði 15. ágúst 2022.

„22068209-Lækjarbotnaland 53. Waldorfskólinn, ósk um deiliskipulag.

Lagt fram erindi Waldorfskóla í Lækjarbotnum dags. 29. júní 2022, þar sem óskað er eftir því að deiliskipulag verði unnið fyrir Lækjarbotna og skólastarfsemina.

Afgreiðslu frestað. Vísað til umsagnar umhverfissviðs.

Fylgiskjöl: Erindi Waldorfskóla dags. 29. júní 2022.“

1. Aðalskipulag Kópavogs

Reitur/svæði í upplandi Kópavogs er skilgreindur í gildandi Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 sem samfélagsþjónustusvæði S-31. Sami reitur var einnig skilgreindur sem slíkur í fyrra aðalskipulagi (2012-2024).

Stærð samfélagsþjónustusvæðis er um 20 ha (stærð heildarsvæðis S-31 er skráð, ekki lóðar). Ekki er afmörkuð lóð sérstaklega umhverfis en samkvæmt tölum í fyrra aðalskipulagi (2012-2024) var lóðin skráð 2000m² sem og í fasteignaskrá/þjóðskrár (sjá lið 3 í minnisblaði þessu). Í gildandi aðalskipulagi 2019-2040 er lóðarstærð ekki skráð sérstaklega, aðeins stærð svæðis S-31.

Greinargerð, kafli 6.3.2 Leikskólar, tafla 6-2. Yfirlit yfir leikskóla. Uppland. S-31. Ylur. Leikskólinn Ylur er einkarekinn leikskóli staðsettur í Lækjarbotnum. Á reitnum er leikskóli og grunnskóli.

Í greinargerð aðalskipulags kafa 2.1.3 Svæði fyrir frístundabyggð talað um að styrkja útivist á svæðinu og að frístundabyggð í Lækjarbotnum sé víkjandi.

Sjá einnig umfjöllum aftur í minnisblaði þessu m.a. lið 4. Minnisatriði til úrvinnslu og nánari skoðunar.



2. Samningar

Samningar milli Kópavogs og Ásmegin um afnot og rekstur - húsnæði og land – fyrir leik- og grunnskóla.

Samstarfssamningur milli Kópavogsbæjar og Ásmegins vegna Kópasels. Lagt fram á fundi bæjarráðs 18. febrúar 1993. Afnotasamningur vegna uppeldis- og kennslustarfsemi í Kópaseli í Lækjarbotnum.

- Húsnæði, lausir munir, lóðar, leiktækja skv. meðfylgjandi lista. (lista vantar)
- Samningur til 1997 en framlengist sjálfkrafa hafi honum ekki verið sagt upp með minnst 1 árs fyrirvara.
- Afnotaréttur skv. samningi felur ekki í sér heimild til að leigja eða framselja öðrum afnot húsnæðis eða lóðar.
- Ásmegin annast hús og lóð á tímabili afnotaréttar. Annast einnig og kostar snjómokstur.
- Ásmegin gerir viðhaldsáætlun og eftirlit með framkvæmd hennar er í höndum Tæknideildar Kópavogsbæjar.

Samningur milli Kópavogsbæjar og sjálfseignarstofnunarinnar Ásmegin um Kópasel, dags. 20. maí 1998.

Samningur um afnot og rekstur Kópasels í Lækjarbotnalandi og tilheyrandi lóð. (afmörkun og/eða lýsing á umfangi/stærð lóðar – er ekki í samningi)

- Húsnæði, lausir munir, lóðar, leiktækja skv. skrá. (skrá vantar).
- Samningur til 1. júlí 2008. Framlengist sjálfkrafa um 1 ár í senn sé honum ekki sagt upp með minnst 6 mánaða fyrirvara. Jafnframt fellur fyrri samningur úr gildi.
- Afnotaréttur felur ekki í sér heimild til að leigja eða framselja öðrum afnot húsnæðis eða lóðar nema með sérstöku leyfi Kópavogsbæjar.
- Ásmegin geri viðhaldsáætlun í upphafi hvers árs og er eftirlit með henni í höndum Tæknideildar Kópavogsbæjar.
- Stofnunin (Ásmegin) annar og kostar snjómokstur frá Suðurlandsvegi að Kópaseli. Viðhald vegarins er að öðru leyti í höndum Kópavogsbæjar.
- Fyrir liggur „Fylgiblað með leigusamningi um réttindi og skyldur leigusala og leigutaka með dagsetningu 24.03.2004“ – líklega almennur texti með öðrum samningum í heimalandi Kópavogs?

Þjónustusamningar um viðurkenningu grunnskóla um skólahald

- Waldorfskólinn hefur Lækjarbotnaland 53 til afnota fyrir starfsemi sína, landnúmer 117008 og hús í eigu bæjarins, fastanúmer 206-6806 samkvæmt leigusamningi frá 20. maí 1998. (Þessi númer eru ekki tilgreind í samningnum sjálfum frá 1998)



Annað um lóðarstærð

- Í þjóðskrá er Lækjarbotnaland 53 m.a. skráð með íbúðarhúsaloð 2000 m² að stærð – hvorki lóðarblað né afstöðumynd liggur fyrir sem sýnir afmörkun lóðarinnar.
- Í síðasta aðalskipulagi (2012-2024 er einnig tekið fram á skilgreininu samfélagsþjónustusvæðis sem þá var merkt sem S-28 að lóð leikskólans væri 0,2 ha (þ.e. 2000 m²).
- Í núverandi aðalskipulagi er sama svæði merkt sem S-31 - auk þess er í aðalskipulaginu gefnar upp stærðir reita/svæða ekki lóða.



3. Landupplýsingakerfi Kópavogs, LUKK – og fasteignaskrá /þjóðskrá

Skráning í landupplýsingakerfi, lukk, í fasteignaskrá þjóðskrár - innan samfélagsþjónustuvæðis S-31

Þyrping með aðkomu austarlega á lóðinni – syðri aðkomuvegur	teikningar í lukk	Fasteignaskrá þjóðskrár – skráning virðist óháð skilgreiningum í aðalskipulagi – og samningum
Lækjarbotnaland 53 (aðalbygging blár punktur) bygging er skráð í landupplýsingakerfi 	Aðaluppdr. og lagnateikn., lukk, kennarabúst.	Þrjú fasteignanúmer skráð: F2066806, barnagæsla, bygg.ár 1968, birt stærð 326 m ² F2213562, einbýlishús, bygg.ár 1991, birt stærð 102 m ² F2237078, trésmíðaverkst., bygg.ár 2019, birt stærð 0 m ² Landeignanr. L117008, íbúðarhúsalóð, 2000 m ²
Lækjarbotnaland 53A (bygging austast á lóð/svæði)		Bygging (53A) sést á loftmynd), fasteignanr. skráð sem íbúðarhúsalóð (ekki bygg.ár) birt stærð 0m ² , landeignanr. L179644 íbúðarhúsalóð, 362 m ²
Auk þess <u>tvær</u> óskráðar byggingar við sama afleggjara, sjást á loftmynd (sjá mynd fyrir ofan)		
Byggingar vestar á lóðinni – nyrðri aðkomuvegur		
Lækjarbotnaland 53B (blár punktur) 	teikningar vantar	Nyrðri aðkomuvegur Bygging (53B) sést á loftmynd (blár punktur), fasteignanr. skráð sem íbúðarhúsalóð (ekki bygg.ár) birt stærð 0m ² , landeignanr. L179645, íbúðarhúsalóð, 216 m ²
Lækjarbotnaland 53D (blár punktur) 	Lagnateikn. í lukk, aðaluppdrætti vantar	Bygging skráð sem einbýlishús. bygg.ár 1995, birt stærð 97,2 m ² , landeignanr. L179646, íbúðarhúsalóð 216 m ²
Lækjarbotnaland 53E (blár punktur) 	teikningar vantar	skráð sem einbýlishús bygg.ár 1995, birt stærð 97,2 m ² , landeignanr. L179647, íbúðarhúsalóð 216 m ²
4-6 óskráðar byggingar við nyrðri aðkomuveg  bílastæði, stórir bílar		
Lækjarbotnaland 52 SV innan samfélags-þjónustureits – ekki bílvegur að (blár punktur) 	teikningar vantar	F2066805, sumarbústaður, bygg.ár 1968, sumarbústaðaland landeignanr. L117007, sumarbústaðaland, skráð 10.294 m ² , (lóð er ekki afmörkuð) staðsett suðvestanmegin á samfélagsþjónustureit

Þjóðskrá – skráning lögheimilis – í Lækjarbotnalandi (ekki í samræmi við aðalskipulag)

Lækjarbotnaland 53, 7 einstaklingnar skráðir með lögheimili, fasteignanúmer ekki skráð
Lækjarbotnaland 53D, 2 einstaklingnar skráðir með lögheimili, fasteignanúmer ekki skráð
Lækjarbotnaland 53E, 4 einstaklingnar skráðir með lögheimili, fasteignanúmer ekki skráð



Sjá einnig

Viðauka F. Myndir úr landupplýsingakerfi Kópavogs og

Viðauka G. Úr fasteignaskrá/þjóðskrá – og lukk

Myndir úr landupplýsingakerfi Kópavogs, lukk og sveitarfélagsuppdrætti gildandi aðalskipulags Kópavogs. Til skýringa.



Tveir aðkomuvegir að byggingum á samfélagsþjónustuvæðinu S-31



4. Minnisatriði til úrvinnslu og nánari skoðunar

Skilgreining á lóðarstærð í fyrra aðalskipulagi, skráð 2000 m² leikskólalóð (sem er skráð sem einbýlishúsaloð í fasteignaskrá). Ekki hefur verið gengið frá mæliblaði. Ekki eru til teikningar sem sýna afstöðumynd lóða(r). Bent er á að í núverandi aðalskipulagi er gefin stærð á reitum en ekki lóðum.

Samfélagsþjónustusvæðið S-31 er um 20 ha að stærð. Afmörkun er sýnd á landnotkunarupprætti.

Ekki er gert ráð fyrir að á svæðinu séu íbúðarhús (þó það sé skráð þannig í þjóðskrá).


Í gildandi aðalskipulagi og því fyrra hefur sérstaklega verið tekið fram að sumarhúsabyggð á svæðinu sé víkjandi – á að það við um Lækjarbotnaland (og allt upplandið).

Í greinargerð aðalskipulags kafla 2.1.3 Svæði fyrir frístundabyggð er m.a. eftirfarandi: **Markmið** „Lækjarbotnar. Styrkja útivist á svæðinu. Miðað er við að frístundabyggð í Lækjarbotnum verði víkjandi.“ og **Leiðir** „Að vinna heildarskipulag fyrir Lækjarbotna þar sem fram kæmi heildarstefna svæðisins.“ Sjá einnig viðauka D í minnisblaði þessu.

Landnotkun á svæðinu er óbyggð svæði, skógrækt, samfélagsþjónusta o.fl. Þar eru einnig friðlýst svæði (Tröllabörn), hverfisvernd (hraunjaðar o.fl.) og vatnsverndarsvæði (grannsvæði og öryggissvæði v. grunnvatns).

Norðan Suðurlandsvegur er Gunnarshólmi skilgreindur sem landbúnaðarland og Geirland með lítinn fláka sem íbúðarsvæði og óbyggð land. Sjá klipp úr sveitarfélagsupprætti hér fyrir neðan.

Stór hluti upplands er þjóðlenda, vestan austan Lækjarbotna. Sjá mynd fyrir neðan.



Skógrækt, vatnsvernd, óbyggð svæði, samfélag

Unnið hefur verið að skógræktarskipulagi á nokkrum skógræktarreitum á svæðinu.

Rætt hefur verið um að möguleika á útivist, göngu- og hjólaleiðum í upplandi, reiðleiðum. Bent hefur verið á möguleika við að nota gamla slóða sem útivistarstíga í upplandi Kópavogs.

Skoða þarf áherslur heimsmarkmiða í aðalskipulaginu.

Í markmiðum um skógrækt er fjallað um bætt að gengi að skógræktar- og útvistarsvæðum, unnið verði áfram að uppbyggingu græna trefilsins, landgræðslu og skógrækt. Vísað er í HM 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði og 15.2 um sjálfbæra skóga.

Huga þarf að vatnsvernd við allt skipulag og framkvæmdir í upplandi. Í Lækjarbotnum er vatnsvernd skilgreind sem grannsvæði og öryggissvæði vegna grunnvatns.

Huga þarf að græna treflinum og vaxtarmörkum byggðar sem skilgreind eru í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og í gildandi aðalskipulagi Kópavogs.



Í kafla 6 Samfélag í aðalskipulaginu er m.a. fjallað um leik- og grunnskóla. Fram kemur að leikskólinn Ylur er einkarekinn leikskóli staðsettur í Lækjarbotnum og að á sama reit/svæði er leik- og grunnskóli. Markmið Kópavogs er að vinna að framsæknu leikskóla- og skólastarfi þar sem velferð barna og starfsfólks er í fyrirrúmi.


Stór hluti Lækjarbotnlands er skógræktarsvæði. Í kafla 4.1.12 Skógrækt og uppgræðsla eru eftirfarandi markmið og leiðir:

Markmið:

- Bæta aðgengi að skógræktar- og útivistarsvæðum í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði og 15.2 um sjálfbæra skóga.
- Vinna áfram að uppbyggingu græna trefilsins og græna stígsins.
- Unnið verði að landgræðslu og skógrækt í samræmi við heimsmarkmið 15.2 um sjálfbæra skóga

Leiðir

- Unnið verði að endurskoðun á afmörkun græna trefilsins.
- Lögð verði áhersla á skógrækt í Selfjalli og víðar í upplandi Kópavogs og efri byggðum.



Í kafla 4.1.3 Óbyggð svæði er m.a. hvatt til aukinnar notkunar með fræðsluefni, umgengni verði án þess að raska náttúru, unnið verði að uppgræðslu og að starfsemi á svæðinu skaði þau ekki, þau verði metin skv. greinum náttúruverndarlaga o.fl. Vísað er í HM 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar og 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa. Auk þess er fjallað um eftirfarandi í „leiðum“ í umfjöllun um óbyggð svæði.

Óbyggð svæði, úr umfjöllun um **leiðir** í greinargerð aðalskipulags m.a.

- unnin verði úttekt, endurheimt vistkerfa, sjálfbær nýting HM 15.1
- framkvæmdir taki mið af endurheimt vistkerfa, sjálfbærri nýtingu, HM 15.1
- unnið verði að heildarskipulagi norðurhluta upplands í samræmi við vöktun og HM 15.1 um sjálfbæra nýtingu og vöktun vistkerfa
- skráning og merking náttúru- og söguminja á óbyggðum svæðum í samræmi við HM 11.7 um örugg og græn svæði með áningarstöðum og stikuðum gönguleiðum í samræmi við HM 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar
- samstarf við nágrannasveitarfélög um skipulag og nýtingu upplands höfðuborgarsvæðisins í samræmi við HM 11.A um að styrkja áætlanir um byggðapróun og 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni
- hlúð verði að náttúrulegu gróðurfari á óbyggðum svæðum og þau styrkt
- unnið verði að gerð gönguleiða í eftir byggðum, Lækjarbotnum og víðar í upplöndum Kópavogs þar sem hægt verði að fræðast um náttúru og sögu svæðisins í samræmi við HM 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar
- unnið verði að skipulagi útivistarsvæða í Lækjarbotnum

Sjá einnig næsta kalla „5. Niðurlag“ og viðauka aftur í minnisblaði þessu:

Viðauki A. Landnotkun í upplandi og Lækjarbotnum. Kort.

Viðauki B. Óbyggð svæði í aðalskipulagi, m.a. markmið og leiðir.

Viðauki C. Skógrækt í aðalskipulagi, markmið og leiðir.

Viðauki D. Um Lækjarbotna, frístundabyggð, verndarsvæði o.fl.

Viðauki E. Vatnsvernd. Óbyggð svæði í aðalskipulagi. Kort, skilgreiningar o.fl.

Viðauki F. Myndir úr landupplýsingakerfi Kópavogs – Lækjarbotnar o.fl.

Viðauki G. Úr fasteignaskrá/þjóðskrá og landupplýsingakerfi Kópavogs lukk – skráning, gróft yfirlit

Viðauki H. Erindi Waldorfskóla dags. 29. júní 2022.



5. Niðurlag

Deiliskipulag Lækjarbotna. Með vísan til erindis Waldorfskóla, dags. 29. júní 2022, um að vinna deiliskipulag af Lækjarbotnum og skólastarfsemi – og með vísan til minnisblaðs þessa er ljóst að slíkt verkefni kallar á að skoða þarf marga þætti sem m.a. eru til umfjöllunar í gildandi Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.

Í gildandi aðalskipulagi er í upplandi og þar með Lækjarbotnum lögð áhersla á að styrkja útvist, skógrækt og vatnsvernd á svæðinu, söguminjar, verndarsvæði o.fl. Tekið er fram að frístundabyggð verði víkjandi og bent er á að svo var einnig í fyrra aðalskipulagi (2012-2014). Einnig þarf að huga að græna treflinum og vaxtarmörkum byggðar með vísan til svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Í kafla 2.1.3 Svæði fyrir frístundabyggð er m.a. lagt til í leiðum að unnið verði heildarskipulag fyrir Lækjarbotna þar sem kæmi fram heildarstefna svæðisins. Í kafla 4.1.3 Óbyggð svæði er lögð áhersla á heildarskipulag norðurluta upplands Kópavogs og Lækjarbotna, vöktun svæða, unnið verði að gerð gönguleiða. Lögð er áhersla á samstarf við nágrannasveitarfélög varðandi skipulag og nýtingu upplands höfuðborgarsvæðisins.

Lagt er til að unnið verði út frá heimsmarkmiðum með hliðsjón af tillögum í greinargerð aðalskipulags m.a. eftirfarandi - yfirlitið er ekki tæmandi:

- 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar
- 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa
- 11.7 um örugg og aðgengilega græn svæði
- 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar
- 11.A um að styrkja áætlanir um byggðapróun og
- 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni
- 15.2 um sjálfbæra skóga
- 4.1 um grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli
- 4.2 um tækifæri til leikskólamenntunar

Skoða þarf vatnsvernd á svæðinu og huga að henni við allar ákvarðanir.

Lögð er áhersla á samstarf við nágrannasveitarfélög varðandi skipulag og nýtingu upplands höfuðborgarsvæðisins. Einnig græna trefilinn, skógrækt, verndunarsvæði og vaxtarmörk byggðar.

Skoða þarf skráningu bygginga og lóða á svæðinu og taka afstöðu til fjölmargra bygginga á svæðinu.


Huga þarf að umfangi verkefnisins, samstarfi og samráði, fjárhagsáætlun, forgangsörðun verkefna o.fl.

Ljóst er að vinna við gera deiliskipulag af norðurluta upplands og Lækjarbotnum er yfirgripsmikið verkefni og þyrfti að skýra nánar umfang og áherslur áður en lagt yrði af stað. Í kjölfar þeirrar vinnu yrði unnin kostnaðaráætlun til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar.



Viðauki A. Landnotkun í upplandi og Lækjarbotnum.

Sveitarfélagsuppráttur Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040



Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08 2026



Viðauki B. Óbyggð svæði í aðalskipulagi, markmið og leiðir

Úr greinargerð gildandi Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040.

4.1.3 Óbyggð svæði, landslag

Skilgreining landnotkunar: Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hólendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum. (gr. 6.2.s í skipulagsreglugerð, Óbyggð svæði (ÓB)).

ÓB-2	Óbyggð svæði í upplandi	Stór hluti upplands er óbyggð svæði og hraun. Sjá lýsingu í kafla 4.1.2 Uppland Kópavogs og í umfjöllun hér á eftir. Einnig er stór hluti upplands þjóðlenda, sjá kafla 1.8.3 Þjóðlendur. Stærð: um 7.410 ha.
------	-------------------------	---

MARKMIÐ

- Óbyggð svæði verði náttúruleg og sjálfbær og vöktuð og unnið að endurheimt ef þörf krefur í samræmi við heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.
- Hvatt verði til aukinnar notkunar óbyggðra svæða í upplandinu með fræðsluefni svo að gestir og gangandi geti notið þessara svæða í enn ríkari mæli í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Umgengni um óbyggð svæði verði án þess að raska náttúru þeirra og lífríki.
- Unnið verði áfram að uppgræðslu á óbyggðum svæðum í upplandi Kópavogs og þess gætt að starfsemi á svæðinu skaði þau ekki.
- Óbyggð svæði verði metin með tilliti til aukinnar verndunar og metin með hliðsjón af greinum náttúruverndarlaga sem fjalla um sérstaka vernd tiltekinnar vistkerfa og jarðminja (61.gr.) og landslagsverndarsvæði (50.gr.).

LEIÐIR:

- Unnin verði úttekt á ástandi óbyggðra svæða og unnið að endurheimt ef þörf krefur í samræmi við heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.
- Framkvæmdir innan óbyggðra svæða taki tillit til náttúrulegs umhverfis og í samræmi við vöktun og heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.
- Unnið verði að heildarskipulagi norðurhluta upplands Kópavogs í samræmi við vöktun og heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.
- Unnið verði að skráningu og merkingu á náttúru- og sögumunum á óbyggðum svæðum og þau gerð aðgengileg til útivistar í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengilega græn svæði með áningarstöðum og stikuðum gönguleiðum í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Kópavogsbær leggi áherslu á samstarf við nágrannasveitarfélög varðandi skipulag og nýtingu upplands höfuðborgarsvæðisins í samræmi við heimsmarkmið 11.A um að styrkja áætlanir um byggðapróun og 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Hlúð verði að náttúrulegu gróðurfari á óbyggðum svæðum og þau styrkt.
- Unnið verði að gerð gönguleiða í efri byggðum, Lækjarbotnum og víðar í upplöndum Kópavogs, þar sem hægt verði að fræðast um náttúru og sögu svæðisins í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Unnið verði að skipulagi útivistarsvæða í Lækjarbotnum.

Í upplandi Kópavogs er stór hluti lands skilgreindur sem óbyggð svæði og mörg svæði ætluð til útivistar. Má þar nefna Bláfjallafólkvang, Lækjarbotna, Selfjall og Reykjanesfólkvang.

Óbyggð svæðin eru að mestu ósnortin (efnistökusvæði í Bolaöldu þó undaskilið) og ákveðið hefur verið að mannleg áhrif verði þar sem minnst. Um þessi óbyggðu svæði er gert ráð fyrir að gönguleiðir verði stikaðar til að auðvelda aðgengi íbúa að þeim og að bjóða upp á sem fjölbreyttasta möguleika til útivistar. Fyrirverandi efnistökusvæði í Bolaöldu innan Kópavogs er að mestu skilgreint sem óbyggð svæði. Þar er nú gert ráð fyrir efnislosunarsvæði.



Viðauki C. Skógrækt í aðalskipulagi m.a. markmið og leiðir.

Úr greinargerð gildandi Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040.

4.1.12 Skógrækt og uppgræðsla

Skilgreining landnotkunar: Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjóbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu. . (gr. 6.3.r í skipulagsreglugerð, Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)).

MARKMIÐ

- Bæta aðgengi að skógræktar- og útivistarsvæðum í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði og 15.2 um sjálfbæra skóga.
- Vinna áfram að uppbyggingu græna trefilsins og græna stígsins.
- Unnið verði að landgræðslu og skógrækt í samræmi við heimsmarkmið 15.2 um sjálfbæra skóga.

LEIÐIR:

- Unnið verði að endurskoðun á afmörkun græna trefilsins.
- Lögð verði áhersla á skógrækt í Selfjalli og víðar í upplandi Kópavogs og efri byggðum.

SK-2	Lækjarbotnar	Árið 1993 var gerður samningur um ræktun Landgræðsluskóga í Selhólum og er að mestu fullplantað í það svæði. Stærð þess er um 24 ha. Stærð skógræktarsvæðis sem er afmarkað á landnotkunaruppdrætti (sveitarfélagsuppdrætti) er stærra. Allt svæðið samtals rúmir 60 ha. Sjá einnig SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR hér að framan.
SK-3	Selfjall	Sumarið 2009 hófst vinna við skógrækt og uppgræðslu á um 143 ha lands sem er Landgræðsluskógasvæði skv. samningi þar um. Unnið var skógræktarskipulag af svæðinu 2002. Árlega hafa verið gróðursettar 10-15.000 trjáplöntur í Selfjall og stór svæði grædd upp með heyi af opnum svæðum bæjarins. Stærð skógræktarsvæðis sem er afmarkað í landnotkunaruppdrætti (sveitarfélagsuppdrætti) er stærra. Allt svæðið samtals um 290 ha. Sjá einnig SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR hér að framan.
SK-4	Lakheiði /Lækjarbotnar og nágrenni	Svæðið nær frá núverandi skógræktarsvæði í Selfjalli og Waldorfskólareit í suðri og vestri, beitarhólfu við Fossvallarétt í norðri og mörkum Lækjarbotnalandis að Tvisteinum á Lakheiði í austri. Unnið er að skógræktaráætlun svæðisins. Í aðalskipulagi þessu, 2019-2040, er skógræktarsvæði í Lækjarbotnalandi stækkað að þjóðlendumörkum til austurs að fjárrétt og Suðurlandsvegi til norðurs. Fjárrétt og beitarhólf eru undanskilin. Unnið er að skógræktaráætlun svæðisins. Taka skal tillit til minja og verndarsvæða í skógræktaráætlunum. Sjá einnig SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR hér að framan. Stærð svæðis samtals rúmir 120 ha.
SK-5	Lakheiði /þjóðlenda frá Lækjarbotnalandi að Bláfjallavegi, innan þjóðlendu	Skógræktarsvæði innan þjóðlendu frá Lækjarbotnalandi að Bláfjallavegi til austurs, Suðurlandsvegi til norðurs og mörkum Bláfjallafólkvangs og hlíðum Sandfells til suðurs (að Bláfjallafólkvangi). Undanskilin eru svæði með herminjum og votlendi við Bláfjallaveg. Við gerð skógræktaráætlunar skal taka tillit til m.a. minja, herminja, votlendis og/eða árfarvega o.fl. Svæðið er að mestu berangurslegt en þar eru Lakheiði, Lakadalur og Mosar. Á svæðinu var áður fyrr mikill uppblástur en unnið hefur verið að uppgræðslu þess. Næst Bláfjallavegi eru Neðri - Fóelluvötn sem tilheyra ekki svæðinu og Arnarnípur (Arnarpúfur) sem taka þarf tillit til við gerð skógræktaráætlunar. Stærð skógræktarsvæðis sem er afmarkað landnotkunaruppdrætti (sveitarfélagsuppdrætti) er samtals um 415 ha. Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 þjóðlendur og SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR hér að framan.



Viðauki D. Um Lækjarbotna, frístundabyggð, verndarsvæði o.fl.

Úr greinargerð gildandi Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040.

2.1.3 Svæði fyrir frístundabyggð

Skilgreining landnotkunar: Svæði fyrir frístundahús og nærpjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum. (gr. 6.2.h í skipulagsreglugerð, Frístundabyggð (F)).

MARKMIÐ

- Lækjarbotnar. Styrkja útvist á svæðinu. Miðað er við að frístundabyggð í Lækjarbotnum verði víkjandi.

LEIÐIR

- Að vinna heildarskipulag fyrir Lækjarbotna þar sem fram kæmi heildarstefna svæðisins.

Tafla 2-10. Yfirlit yfir svæði fyrir frístundabyggð.

Nr	Heiti	Lýsing
F-1	Lækjarbotnar	Rúmlega þrír tugir bústaða eru á svæðinu í mismunandi ásigkomulagi. Gert er ráð fyrir að svæðið verði deiliskipulagt með áherslu á útvist, skógrækt og náttúruvernd. Á sama tíma verði sett ákvæði um umgengni og byggingar vegna vatnsverndarsvæðis. Frístundabyggð á svæðinu er víkjandi. Ekki er afmarkað svæði fyrir frístundabyggð.

Hverfisvernd

Uppland		
HV-16	Túnhóll (sjá sveitarfélagsuppdrátt)	Hóll sem stendur suðvestan Suðurlandsvegur. Á honum er heimagrafreitur, rúst og bæjarstæði. Svæðið er fornminjasvæði. Stærð: 5,17 ha.
HV-17	Botnalækur (sjá sveitarfélagsuppdrátt)	Botnalækur í Lækjarbotnum er hverfisverndaður (bæjarverndaður) ásamt umhverfi hans og hraunjaðri vestan við lækinn. Svæðið er fornminjasvæði. Stærð: 3,2 ha.

Friðlýst svæði

Uppland		
FS-4	Tröllabörn í Lækjarbotnalandi	Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 294/1983. Stærð náttúruvættisins er 4,7 ha. Eftirfarandi reglur gilda um hið friðlýsta svæði: 1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimil, nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar. 2. Gangandi fólk er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Skyld er að hlíta nánari reglum sem bæjarstjórn kann að setja um umferð og umgengni með samþykki Umhverfisstofnunar. 3. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu. Heimild: https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Friðlyst-svæði/Auglýsingar/trollaborn_294_1983.pdf

Auk þess


FS-5 Bláfjallafólkvangur

FS-6 Eldborg í Bláfjöllum



Viðauki E. Vatnsvernd í aðal- og svæðisskipulagi

Úr greinargerð gildandi Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040.



Mynd 4-25. Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Heimild, samþykkt um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Niðurhal úr kortavefsjá SSH.

4.1.10 Vatnsvernd

Skilgreining á takmörkun á landnotkun: (gr. 6.3.g í skipulagsreglugerð):

gr. 6.3.g Vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF).

Vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF). Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.

MARKMIÐ

- Tryggja nægt neysluvatn og gæði þess í lögsögu Kópavogs í samræmi við heimsmarkmið 3.9 um loft-, vatns- og jarðvegsmengun svo að ekki verði þörf á meðhöndlun neysluvatns í framtíðinni.
- Koma í veg fyrir alla röskun á verndarsvæðum vatnsbóla sem getur haft í för með sér óafturkræfar afleiðingar í samræmi við heimsmarkmið 6.6 um verndun og endurheimt vatnstengdra vistkerfa.

LEIÐIR

- Innan vatnsverndarsvæða verði komið í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa í samræmi við heimsmarkmið 3.9 um loft-, vatns- og jarðvegsmengun.
- Unnið verði áfram að grunnvatnsrannsóknum í lögsögu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 6.6 um verndun og endurheimt vatnstengdra vistkerfa.

Kópavogur fær vatn frá sínu eigin vatnsbóli (brunnsvæði) í Vatnsendakrikum í Heiðmörk og hefur einnig gert samning við Garðabæ um vatnsöflun. Sjá umfjöllun í kafla 5.1.11 Vatnsveita.

VATNSVERND Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins mynda eina heild og um þau gilda samræmdar reglur um verndarsvæði vatnsbóla, innan lögsagnarumdæma þeirra. Samþykktin hefur það að markmiði að vernda neysluvatn til framtíðar og koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna og starfsemi, t.a.m. aukinnar byggðar, landgræðslu og ræktunar, atvinnustarfsemi, umgengi og umferðar. Sérstök framkvæmdarstjórn heldur utan um eftirlit með vatnsverndarsvæðunum, t.d. með viðbragðsáætlunum vegna mengunarslysa.

Allar framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu samanstendur af samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla og afmörkun verndarsvæða samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 12. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, og 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn.

B. GRANNSVÆÐI

„3.5 Grannsvæði: Grannsvæði tekur við af brunnsvæði á aðrennissvæði vatnsbóls og liggur eftir aðrennissvæði að reiknuðum útmörkum 400 daga aðrennislíma grunnvatns að vatnsbóli miðað við 50 m þykkun vatnsleiðara. Við ákvörðun grannsvæðismarka er einnig tekið tillit til viðkvæmni svæða vegna sprungna, dýpis á grunnvatn, yfirborðsgerðar, lektar og misleitni.“ (úr 3. gr. samþykktar)

„Á grannsvæði eru framkvæmdir og starfsemi sem ógnað geta öryggi vatnsöflunar bönnuð. Önnur landnot eru einkum til útivistar enda falli þau not að forsendum vatnsverndar.“ (15. gr. samþykktar)


Ítarleg ákvæði eru í kafla II, B Grannsvæði í samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 555, 19. júní 2015.

D. ÖRYGGISSVÆÐI

„3.13 Öryggissvæði: Öryggissvæði eru utan aðrennslissvæða grunnvatns til vatnsbóla og liggja eftir jöðrum brunn-, grunn- og fjarsvæða. Þau eru skilgreind á svæðum þar sem mengun er mögulega talin geta borist af yfirborði með irenslis til grunnvatns og dreift með grunnvatnsstraumum til vatnsbóla. Gæta þarf viðunandi öryggis við ákvörðun um nýtingu svæðis sem og hönnun og gerð mannvirkja og mengunarvarna. Öryggissvæðum er skipt í tvo flokka eftir eðli svæðisins. **a) Öryggissvæði vegna grunnvatns:** Svæði þar sem talið er að efni sem berast í jörd geti mögulega borist í grunnvatn og þaðan inn á áhrifasvæði vatnstökustaða. **b) Öryggissvæði vegna yfirborðsvatns:** Svæði þar sem talið er að mengun á yfirborði geti mögulega borist inn á áhrifasvæði vatnstökustaða.“ (úr 3. gr. samþykktar)

„Skipulag byggðar, þ.m.t. íbúðarbyggðar, framkvæmdir og starfsemi innan öryggissvæða skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Starfsemi sem getur haft í för með sér mengun er óheimil. Heilbrigðisnefnd er heimilt að víkja frá


ákvæði þessu ef meðið er að lítil hætta sé á jarðvegs- eða grunnvatnsmengun og sýnt hefur verið fram á fyllstu mengunarvarnir. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs.“ (56. gr. samþykktar).



Úr sveitarfélagsupphætti aðalskipulags Kópavogs.



Viðauki F. Myndir úr landupplýsingakerfi Kópavogs – Lækjarbotnar o.fl.



Myndir úr landupplýsingakerfi Kópavogs, lukk. Á neðri mynd má sjá landnotkun aðalskipulags, óbyggð svæði (gult), skógrækt (grænt) og samfélagsþjónustusvæði (appelsínugult).



Viðauki G. Úr fasteignaskrá/þjóðskrá og landupplýsingakerfi Kópavogs – skráning, gróft yfirlit

Fasteignanúmer (stærð og skráning fasteignar), landeignanúmer (stærð landeignar)

Lækjarbotnaland 101, við Selfjall – ræktunarland, ekkert bygg.ár birt stærð 0,0 m2, landeignanr. L219455, ræktunarland, 63 ha.
- ER á skógræktarsvæði

Lækjarbotnaland 102, við Selfjall – ræktunarland, ekkert bygg.ár birt stærð 0,0 m2, landeignanr. L228619, ræktunarland 80,7 ha,
- ER á skógræktarsvæði

Lækjarbotnaland 4 sumarbústaðaland (engar stærðir birt stærð 0), sumarbústaðaland – **er skráð í lukk en engin lóð sýnd**

Lækjarbotnaland 5 sumarbústaður, bygg.ár 1959, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 2500 m2

Lækjarbotnaland 6 sumarbústaður, bygg.ár 1959, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 2500 m2

Lækjarbotnaland 7 lóð, lóð 2016 m2

Lækjarbotnaland 8 sumarbústaðaland (birt stærð 0), sumarbústaðaland 0 m2 – **ekki lóð í lukk**

Lækjarbotnaland 10 sumarbústaðaland (birt stærð 0), sumarbústaðaland 2500 m2 – **ekki lóð í lukk**

Lækjarbotnaland 13 sumarhús, bygg.ár 1995, skráð birt stærð 48,5 m2, íbúðarhúsaloð 3360 m2

Lækjarbotnaland 14, sumarbústaður, bygg.ár 1989, birt stærð 43,4 m2, sumarbústaðaland 4558 m2

Lækjarbotnaland 15, sumarbústaðaland (engar stærðir/m2 fyrir byggingu birt stærð0), sumarbústaðaland 4575 m2

Lækjarbotnaland 16, sumarbústaður, bygg.ár 1968, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 4767 m2

Lækjarbotnaland 17, sumarbústaður, bygg.ár 1946, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 3919 m2

Lækjarbotnaland 18, sumarbústaður, bygg.ár 1999, birt stærð 58,9 m2, sumarbústaðaland 3955 m2

Lækjarbotnaland 19, sumarbústaður, bygg.ár 1940, birt stærð 0 m2, geymsluskúr, bygg.ár 1949, 0 m2, sumarbústaðaland 4127 m2

Lækjarbotnaland 19A viðskipta- og þjónustulóð (engar stærðir bygginga birt stærð 0), lóðin skráð 16 m2 – **skráð en engin lóð í lukk**

Lækjarbotnaland 20, sumarbústaðaland (engar stærðir birt stærð 0), sumarbústaðaland 0 m2 – **ekki lóð í lukk**

Lækjarbotnaland 23, sumarbústaður, bygg.ár 1972, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 3237 m2

Lækjarbotnaland 24, sumarbústaður, bygg.ár 1944, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 3274 m2

Lækjarbotnaland 25, sumarbústaður, bygg.ár 1943, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 2242 m2

Lækjarbotnaland 26, sumarbústaður, bygg.ár 1968, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 1120 m2

Lækjarbotnaland 27, sumarbústaðaland, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 1261 m2

Lækjarbotnaland 29, sumarbústaðaland, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 0 m2 – **ekki lóð í lukk**

Lækjarbotnaland 30, sumarbústaðaland, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 0 m2 – **lóð í lukk er sýnd 267m2**

Lækjarbotnaland 31, geymsla, birt stærð 0 m2, lóð 10.000 m2 – **lóð í lukk er sýnd 6766m2**

Lækjarbotnaland 32, sumarbústaður, bygg.ár 1985, birt stærð 104 m2, sumarbústaðaland 2757 m2

Lækjarbotnaland 33, sumarbústaður/félagsh, bygg.ár 1953, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 15.000 m2

Lækjarbotnaland 34, sumarbústaður, bygg.ár 1942, birt stærð 92 m2, geymsla, bygg.ár 1969, 10 m2, sumarbústaðaland 4760 m2

Lækjarbotnaland 35, sumarbústaður, bygg.ár 2004, birt stærð 85,1 m2, geymsla, 0 m2, sumarbústaðaland 3750 m2

Lækjarbotnaland 36, sumarbústaður bygg.ár 1979, birt stærð 23,5 m2, sumarbústaðaland 4122 m2

Lækjarbotnaland 37,
- sumarbústaður, bygg.ár 1979, birt stærð 59,6 m2, geymsla bygg.ár 1970, 22,4m2, geymsla bygg.ár 2015, 7,3 m2, sumarbústaðaland 5000 m2

Lækjarbotnaland 38, sumarbústaður bygg.ár 1941, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 3951 m2

Lækjarbotnaland 39, sumarbústaður bygg.ár 1940, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 5000 m2

Lækjarbotnaland 40, sumarbústaður bygg.ár 1989, birt stærð 113,2 m2, sumarbústaðaland 10.389 m2

Lækjarbotnaland 41, sumarbústaður bygg.ár 1950, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 5114 m2

Lækjarbotnaland 43, sumarbústaður bygg.ár 2006, birt stærð 50,1 m2, sumarbústaðaland 2344 m2

Lækjarbotnaland 44, sumarbústaður bygg.ár 1936, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 3932 m2

Lækjarbotnaland 45, ræktunarland, sumarbústaðaland 5000 m2

Lækjarbotnaland 46, sumarbústaður bygg.ár 1968, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 5000 m2

Lækjarbotnaland 47, sumarbústaður bygg.ár 1968, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 1490 m2

Lækjarbotnaland 48, skráð en engar upplýsingar í þjóðskrá – **ekki lóð í lukk**

Lækjarbotnaland 49, annað land, annað land, stærð skráð 0 – **ekki lóð í lukk**

Lækjarbotnaland 50, sumarbústaðaland, (birt stærð 0) sumarbústaðaland 1400 m2

Lækjarbotnaland 51, sumarbústaður bygg.ár 1968, birt stærð 0 m2, sumarbústaðaland 2990 m2

Lækjarbotnaland 52, - er innan samfélagsþjónustusvæðis (sjá töflu framar í minnisblaði í lið/kafli 3)

Lækjarbotnaland 53, - er innan samfélagsþjónustusvæðis (sjá töflu framar í minnisblaði í lið/kafli 3)

Lækjarbotnaland 54, lóð, ekkert bygg.ár, birt stærð 0 m2, landeignanr. L117009, 80.000 m2 – **ekki lóð í lukk**

Lækjarbotnaland 56, lóð, ekkert bygg.ár, birt stærð 0 m2, landeignanr. L117010, lóð, 5500 m2 – **ekki lóð í lukk**

Lækjarbotnaland 57,
- sumarbústaður bygg.ár 1965, birt stærð 0m2, geymsla bygg.ár 1965 birt stærð 0 m2, landeignanr. L117011 sumarbústaðaland 14.000 m2

Lækjarbotnaland 58, annað land, ekkert bygg.ár, birt stærð 0 m2, landeignanr. L117012, annað land, 179.300 m2 – **ekki lóð í lukk**

Lækjarbotnaland 59,
- geymsla bygg.ár 1934, birt stærð 400 m2, flugskýli, bygg.ár 1942, birt stærð 330 m2, flugskýli bygg.ár 1989, birt stærð 714 m2, félagsheimili bygg.ár 1976, birt stærð 75,6 m2, flugstjórnarskýli bygg.ár 1989, birt stærð 0,0 m2, orkustöð bygg.ár 2001, birt stærð 15,1 m2, - landeignanr. L117013, annað land, 0 m2 – **ekki lóð í lukk**

Lækjarbotnaland 60, við Selfjall – opið svæði ekkert bygg.ár birt stærð 0,0 m2, landeignanr. L117014, opið svæði stærð 0 m2.

Túnhvammur, sumarbústaður bygg.ár 1970, 106,8 m2, sumarbústaðaland 2540 m2



Viðauki H. Erindi Waldorfskóla dags. 29. júní 2022



Bæjarstjórn Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Lækjarbotnar, 29. júní 2022

Efni: Ósk um deiliskipulag fyrir Lækjabotna

Waldorfskólinn Lækjarbotnum óska eftir því að deiliskipulag verði unnið fyrir Lækjabotna og þá skólastarfsemi sem hefur verið rekinn hér í 30 ár.

Waldorfskólinn hefur áður óskað eftir að deiliskipulag sé hannað fyrir svæðið, sjá 1186.fund skipulagsnefndar mál 1003004, en því var slegið á frest vegna endurskoðunar á Aðalskipulagi 2012-2024.

Jafnframt óskum við eftir því að fá að koma að þeirri skipulagsvinnu með bæjaryfirvöldum.

Virðingarfyllt,
Hildur Margrétardóttir
Skólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08.2026